



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND



Ársskýrsla 2024

Helga Sigríður Þórsdóttir
rektor

msund@msund.is
www.msund.is



Efnisyfirlit

Inngangur	Bls. 1
Ágrip	Bls. 2
Stefnumiðuð áætlun	Bls. 3
Nemendatölur	Bls. 6
Starfsfólk MS	Bls. 7
Fjármál og rekstur	Bls. 8
Stjórnun	Bls. 9
Fjölgun á starfsbraut	Bls. 11
Umhverfismál í fyrirrúmi	Bls. 12
Kíkt í kennslustund	Bls. 13
Félagslíf nemenda	Bls. 15
Starfsþróun í MS	Bls. 21
Erlent samstarf	Bls. 25
Húsnæðismál	Bls. 27



Inngangur

Menntaskólinn við Sund var stofnsettur árið 1969, þá sem Menntaskólinn við Tjörnina. Á árunum 1974 - 1976 fluttist skólinn í núverandi húsnæði sitt við Gnoðarvog. Hann var þó kenndur við Tjörnina allt til ársins 1977 en þá gaf Vilhjálmur Hjálmarsson, þáverandi menntamálaráðherra, honum heitið Menntaskólinn við Sund.



Menntaskólinn við Sund er bóknámsskóli. Boðið er uppá á þriggja ára nám til stúdentsprófs og nám á starfsbraut. Skólaárinu er skipt upp í þrjár jafnlangar annir.

Meðal nemendafjöldi ársins er 665 á önn og virkt starfsfólk um 66.

Boðið er upp á nám á tveimur stúdentsbrautum og starfsbraut. Stúdentsbrautirnar eru náttúrufræðibraut sem skiptist í líffræði- og efnafræðilínu og eðlisfræði- og stærðfræðilínu og félagsfræðabraut sem skiptist í hagfræði- og stærðfræðilínu og félagsfræði- og sögulínu. Starfsbraut var stofnuð við skólann haustið 2022.

VIRÐING - JAFNRÉTTI - ÁBYRGÐ - HEIÐARLEIKI

Ágrip

Það er ótrúlegt hvað er hægt að ná miklum árangri með nemendum og starfsfólki þrátt fyrir gríðarlegar húnæðis-hremmingar. Rými nemenda er skorið við nögl og ástandið farið að hafa hamlandi áhrif á heilsu og það ríkjandi grósku-hugarfar sem einkennir starfssemi Menntaskólans við Sund. Þrátt fyrir húnæðisvanda eru mörg járn í eldinum: „Berjumst við bettið“ styrkt af Lýðheilsusjóði, „Litlu jólfamhalds-skólanna“ samstarfsverkefni FÁ, MS og Tækniskólans, styrkt af Loftslagssjóði Reykjavíkur, inngildingarverkefnið „Samhljómur - Tónsmíðabúðir“ styrkt af Sprotasjóði ásamt verkefninu „Finndu mig í fjöru - skapandi náttúrulæsi“, samstarfsverkefni MS, Grandaskóla og Náttúruminjasafns Íslands sem er styrkt af sama sjóði. Starfsbraut skólans hefur nær tvöfaldast á tveimur starfsárum. Félagslíf nemenda blómstraði sem fyrr og náði hápunkti með uppsetningu „Grease“ í Gamla Bíói. Gettu betur liðið komst í sjónvarpið og MORFÍS í undanúrslit. Unnið var samkvæmt nýju jafnlaunakerfi skólans og lokið við vottunarhring tvö. Vegna húnæðisvanda þurfti að fækka nýnemum haustið 2023 sem hefur haft áhrif á námsframboð og fjölda starfsfólks.

Þetta helst:

8

Fjármál og rekstur

12

Umhverfismál í fyrirrúmi

15

Félagslíf nemenda

21

Starfspróun



Stefnumiðuð áætlun

Markmið MS fyrir árin 2024 - 2026 og hvernig skólinn vinnur markvisst að því að ná markmiðum sínum er að finna á heimasíðu skólans.

Kjarnastarfsemi Menntaskólans við Sund er að veita nemendum menntun til stúdentsprófs, að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda upp á nám við hæfi. Skólanum er einnig ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífnum og undir frekara nám á háskólastigi.

Skólinn leggur áherslu á að hrinda í framkvæmd áherslum mennta- og barnamálaráðuneytis á hverjum tíma með því að setja fram aðgerðaáætlun til að draga úr brotthvarfi, með því að efla veg skapandi greina og með því að bjóða nemendum upp á sveigjanleika í námsvali ásamt möguleika á að stýra námshraða í takt við það álag sem þeim hentar. Þessar áherslur birtast meðal annars í skólanámskrá og í markmiðum í þessu stefnumótunarskjali.



MARKMIÐ KJARNASTARFSEMI

- Auka umhverfisvitund nemenda og starfsmanna
- Samhæfð nemendapjónusta með farsæld að leiðarljósi
- Auka gæði menntunar í skólanum

Að auka umhverfisvitund nemenda og starfsfólks

MS hlaut vottun fyrir fimm græn skref í ríkisrekstri árið 2021. Markmiðið er enn að ná betri árangri í umhverfisvitund nemenda og starfsmanna. Aðgerðir að markmiðinu voru virk umhverfisnefnd, að flétta græn skref í ríkisrekstri inn í gæðakerfi skólans og halda umhverfisviku. Mælikvarðar voru markmið grænfánaverkefnisins, fjöldi nemenda í virkri umhverfisnefnd og að draga úr óflokkuðu sorpi. Aðgerðir og markmið gengu að mestu leyti eftir fyrir utan að flétta græn skref í ríkisrekstri inn í gæðakerfið auk þess sem erfiðlega gengur að kenna nemendum að flokka sorp. Verða þessi atriði aftur sett á áætlun árið 2025.

Samhæfð nemendapjónusta með farsæld að leiðarljósi

Það er stefna skólans að veita nemendum jöfn tækifæri til náms og fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma. Aðgerðir eru áframhaldandi uppbygging á seiglu nemenda, markviss innleiðing á stefnu skólans um að byggja upp námskraft og efling stoðþjónustu með hópráðgjöf á fyrsta og þriðja námsári í áfanganum Krossgötur. Auk þess fer fram samhæft eftirlit með nemendum í brotthvarfshættu og gerð brotthvarfsskýrslu. Mælikvarðar eru brotthvarfsmælingar MRN og skólans, útskriftarhlutfall árgangs 2005 og niðurstöður um vellíðan nemenda í MS úr Framhaldsskólapiðsinum. Gerð er grein fyrir niðurstöðum í [Sjálfsmatsskýrslu skólans](#).

Að auka gæði menntunar

Stefna skólans er að bjóða upp á nám og kennslu í fremstu röð. Aðgerðir voru áframhaldandi starf starfspróunarhópa í starfendarannsóknunum og innleiðingu leiðsagnarnáms undir stjórn verkefnisstjóra, innleiðing gæðaviðmiða í kennslu (lykilnámsþættir) og öflugt erlent samstarf. Til þess að meta árangur er ánægja nemenda með kennslu í áföngum könnuð, ánægja þeirra með aðstöðu til náms ásamt því að safna gögnum um þátttöku kennara í starfspróunarviðburðum á skólaárinu. Niðurstöður sýna að loks er 80% markmiðinu um ánægju með kennslu í áföngum náð, 80,3% eru ánægð með kennslu í áföngum og 84% eru ánægð með aðstöðu til náms. Áfram er unnið markvisst að því að auka gæði menntunar í skólanum og lögð áhersla á að rýna niðurstöður kennslukannana, Skólapiðsins og rýnifunda með nemendum. Skólinn bauð starfsfólki upp á mörg tækifæri til virkrar starfspróunar bæði innan- og utanlands og tók þátt í sameiginlegum starfsdegi framhaldsskólanna.

MARKMIÐ REKSTRARÞÁTTA

- Aukin skilvirkni
- Aukin starfsánægja
- Bætt stjórnun auðlinda

Aukin skilvirkni

Til þess að auka skilvirkni í skólanum var ákveðið að kenna nemendum með markvissum hætti notkun upplýsingatækni, innleiða fleiri möguleika í kennslukerfi Innu sem hófst haustið 2022 ásamt því að auka upplýsingaflæði með vikulegum fréttabréfum til nemenda og starfsfólks með það að markmiði að auka samhæfingu og þekkingu allra á því sem er að gerast í skólanum. Mælikvarðar voru: viðhorf nemenda og kennara til kennslukerfis Innu, fjöldi útgefinna fréttabréfa og árleg starfsmannasamtöl. Skemmst er frá því að segja að aðgerðir gengu vel. Starfsmannasamtöl fara fram og fréttabréf eru gefin út vikulega. Af samtölum að dæma er viðhorfið til kennslukerfis Innu almennt gott og gekk innleiðing kerfisins vonum fram. Áfram starfar verkefnisstjóri Innu sem sér um fræðslu og aðstoð fyrir kennara.

Aukin starfsánægja

Aðstæður í húsnæðismálum hafa verið erfiðar og reynt á starfsfólk. Því var nauðsynlegt að setja sér markmið um að auka starfsánægju. Aðgerðir sem gripið var til var áframhaldandi innleiðing starfsmannasamtala, gerð samskiptasáttmála og endurbætur á vinnuaðstöðu. Mælikvarðar eru gögn úr Stofnun ársins um upplifun starfsfólks á jafnrétti á vinnustaðnum, ánægju í starfi sem hækkaði úr 4,15 í 4,5 á milli ára og er rétt yfir meðaltali auk ánægju með vinnuskilyrði sem hækkaði úr 3,0 í 3,87 en er þó enn undir meðaltali annarra skóla.

Bætt stjórnun auðlinda

Aðgerðir: Bætt verklag við innkaup og viðhald á búnaði, fjölgun tilfella þar sem kennarar kenna fleiri námshópum í sama áfanga á önn og bætt þráðlaust netsamband í skólanum. Skemmst er frá því að segja að verklagi við innkaup hefur ekki verið breytt en haldið vel utan um einstaka þætti í rekstraráætlun. Fjöldi vinnustunda sem falla niður vegna endurtekinnar kennslu í sama áfanga hefur ekki verið reiknuð út. Netsamband hefur batnað mikið eftir að þráðlausum sendum var fjölgað og þeir færðir á milli svæða vegna lokunar á öðrum svæðum.

Nemendatölur


Að meðaltali þreytir hver nemandi að jafnaði 63,1 einingar á ári og eru ársnemendur á stúdentsbrautum árið 2024 því um 698. Meðalaldur nemenda var 17,3 ár þann 1. mars 2024.

Námslína	Vorönn 2024*	Haustönn 2024*	Vetrarönn 2024*
Eðlisfræði og stærðfræði námslína	73	61	60
Félagsfræði og sögu námslína	155	144	141
Hagfræði og stærðfræði námslína	233	298	289
Líffræði og efnafræði námslína	178	154	153
Starfsbraut	16	19	18
Nemendur alls	655	676	662

Kynjahlutfall nemenda í skólanum:

KK: 42%
KVK: 58%

Brautskráðir á árinu
204




*Færri nýnemar teknir inn í skólann HA23 vegna húsnæðisvanda

Heildarfjöldi stöðugilda árið 2024 var 65,3. Haustið 2024 voru virkir starfsmenn skólans 65 í 64,72 stöðugildum. 73% starfsfólks voru konur og 27% karlar.

Kennslusvið haustið 2024

54 starfa á kennslusviði í 45 stöðugildum þar af eru 72% konur og 28% karlar. Átta kennarar sinntu einnig fagstjórn samhliða kennslu (5 konur og 3 karlar). Allir kennarar eru með gild kennsluréttindi nema einn. Meðalaldur kennara var 52 ár og aldursdreifingin eftirfarandi:

- 30 – 40 ára – 8 kennarar
- 41 – 50 ára – 15 kennarar
- 51 – 60 ára – 17 kennarar
- 61 – 70 ára – 14 kennarar



Þjónustusvið haustið 2024

Stjórnendur voru fjórir: rektor (kvk 52 ára), konrektor (kk 49 ára), kennslustjóri (kvk 38 ára) og námsbrauta- og námskrárstjóri (kk 60 ára).

Annað starfsfólk á þjónustusviði voru alls 13: Skrifstofustjóri (kvk 60 ára), fjármálastjóri (kvk 62 ára), þrjár náms- og starfsráðgjafar (kvk, 66 ára, 46 ára og 37 ára), einn brautarstjóri starfsbrautar (30%) sem jafnframt kennir (70%) (kvk 59 ára), sérkennari í 20% stjórnun (kvk 46 ára), þrjár stuðningsfulltrúar, tveir KK í 66% starfshlutfalli þar sem annar sér einnig um stafræna framleiðslu og húsvörslu í 40% starfi (annar 19 ára stúdent en hinn 25 ára BA í fjölmiðlafræði), einn stuðningsfulltrúi (kvk, 21 árs), tólmstundafræðingur (kvk, 29 ára) sem er 50% félagsmálastjóri og 50% í þjónustu í upplýsingatækniveri, tölvuumsjónarmaður (kk, 52 ára), umsjónarmaður fasteigna (kk, 64 ára), tveir þjónustufulltrúar (kvk 61 ára og kk 50 ára) annar á skrifstofu og hinn í baðvörslu í íþróttahúsi.


Skólaárið 2022 voru gerðar umtalsverðar skipulagsbreytingar til þess að vinna á móti áralöngum hallarekstri. Breytingarnar báru árangur árið 2023, viðsnúningur hefur orðið í rekstrinum og halli fyrri ára verið greiddur að fullu.

Rekstur skólans gengur vel

Vegna veikinda sem námu á ársgrundvelli þremur stöðugildum þurfti að beita gríðarlegri útsjónarsemi til þess að halda rekstri innan fjárheimilda. Dreigið var úr námsframboði tímabundið en gera má ráð fyrir að koma þurfi á móts við nemendur með auknu námsframboði á vorönn 2025.

Aðgerðir voru eftirfarandi:

- Náms hópar hafðir stórir
- Færri nemendur teknir inn á miðju ári
- Kennslu áfanga frestað
- Hætt við ráðningu vegna námsleyfis
- Nauðsynlegri yfirvinnu dreift á kennara skólans
- Stjórnandi sinnti afleysingu og fékk greitt í frí



Vel er fylgst með útgjöldum og reynt að grípa inn í um leið og kostnaður fer fram úr áætlun. Það er lítið svigrúm í rekstri og lítið fé til kaupa á tækjum og búnaði. Kostnaðarpáttaka við Office 365, Orra og Innu hefur hækkað auk hækkunar á húsaleigu, rafmagni og ræstingu. Skapast hefur mikil þörf á að endurnýja húsgögn sem þurft hefur að farga vegna myglu og raka auk þess sem tæknibúnaður úreldist fljótt. Veita þarf fé á næstunni til þess að setja raflæsingar á allar útihurðir svo takmarka megi aðgang óviðkomandi.

Ársreikningur 2024 sýnir neikvæða afkomu uppá rúmar 400 þúsund. Skólinn fékk ekki greidd launatengd gjöld af eingreiðslu sem greidd var til kennara í desember 2024 sem skýrir neikvæða niðurstöðu.



Stjórnun



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Jafnlaunavottun - Endurskoðun námsmats - Útskriftaráfangi - Gervigreind og heiðarleiki í námi

Jafnlaunavottun og innri úttektir á kerfinu

Jafnlaunakerfi í samræmi við Jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 á að tryggja að ákvarðanir er varða laun og launakjör séu teknar á grundvelli jafnréttis. Kerfið fékk fyrstu vottun í júní 2022 og var viðhaldsvottun þrjú lokið í ágúst 2024. Helstu verkefni í kjölfarið var að fjölga og bæta starfslýsingar, endurgera stofnanasamning við félagi í Sameyki og bæta einstaklingsbundnum þáttum inn í launagreininguna. Verður það gert á vormánuðum 2025. Almennt hefur gengið vel að vinna eftir ferlum og nýta kerfið.

Konrektor sinnir jafnhliða verkefni gæðastjóra. Þrír starfsmenn sinna innri úttektum: kennslustjóri, námsráðgjafi og kennari. Hlutar kerfisins eru teknir út þrisvar sinnum á ári og hafa úttektirnar sannað gildi sitt ekki síst þar sem kerfið er enn í uppbyggingu.

Lykilmatsþáttur

Í samvinnu við fagstjóra hófst samtali á vormánuðum um innleiðingu lykilmatsþáttar í námsgreinum. Markmið lykilmatsþáttar er að tryggja að nemendur hafi öðlast lykilmatsþátt, færni og hæfni í námsgrein og geti þar með haldið áfram í næsta áfanga. Í lykilmatsþátti er gerð krafa um lágmarkseinkunnina 5.00 í tilteknum matsþátti. Takist nemandi ekki að ná þeirri einkunn telst viðkomandi fallinn í áfanganum. Ákveði kennari að hafa lykilmatsþátt í námsmati áfanga ber viðkomandi að veita þeim nemendum sem ekki ná tilskyldri lágmarkseinkunn annað tækifæri til að ljúka lykilmatsþáttinum fyrir annarlök. Lykilmatsþátti er ætlað að tryggja að nemendur klári námsefni áfanga og hætti ekki að læra um leið og einkunn er komin yfir 4,5 í símatsáföngum.

Verklagsregla um námsmat

Í nóvember var innleidd verklagsregla um námsmat til að skerpa á nokkrum atriðum um námsmat og tryggja sanngirni og samræmi í námsmati innan skólans. Í verklagsreglunni er fjallað um helstu viðmið sem gilda í skólanum varðandi þennan mikilvæga þátt skólastarfsins.

Útskriftaráfangi - Krossgötur 4

Útskriftaráfangi í Krossgötum hóf göngu sína á haustönn 2024 og er kenndur einu sinni í viku allt skólaárið. Nemendur á þriðja ári mæta í alls 10 skipti yfir skólaárið á fjölbreyttar kynningar á námi og tækifærum eftir stúdentspróf. Náms- og starfsráðgjafar halda utan um Krossgötur.

Gervigreind og heiðarleiki í námi

Með tilkomu gervigreindar í líf nemenda og kennara hefur þurft að endurskoða verkefni nemenda til þess að tryggja að þau séu unnin í sjálfstæðri vinnu. Reglur um heiðarleika í námi voru uppfærðar í takt við það.



VELKOMIN Í MS!

Fjölgun á starfsbraut

Skólaárið 2022 til 2023 tók til starfa starfsbraut með 11 nemendum, haustið 2023 var nemendum fjölgað í 16 og haustið 2024 voru nemendur orðnir 19.


Fleiri nemendur - meira fjör

Þegar starfsbraut tók til starfa haustið 2022 var ákveðið að taka inn lítinn hóp og fjölga frekar nemendum síðar. Haustið 2023 var nemendum fjölgað úr 11 í 16 og haustið 2024 voru þeir orðnir 19. Vegna stöðu nemenda 2024 var stuðningsfulltrúum fjölgað úr 2 í 3. Ráðnir voru tveir stuðningsfulltrúar í sérstakan jafningjastuðning. Stuðningsfulltrúarnir sinna öll liðveislu með nemendum skólans meðfram starfi sínu í MS, heimsækja með þeim umgmannahús, hjálpa þeim að eiga í félagslegum samskiptum fyrir utan skólann og kynna fyrir þeim hvað er í boði í frístundum.

Nemendur greiða sérstakt efnisgjald fyrir hverja önn sem er notað til þess að greiða fyrir námsgögn, listgreinar og millimál. Nemendur fá öll námsgögn í skólanum ásamt því að fá afnot af tölvu og iPad. Nemendur sem það geta býðst að stunda almennt nám með stuðningi.

Markmið brautarinnar er að leggja áherslu á að aðstoða nemendur til sjálfstæðis svo þau geti í framtíðinni tekið virkan þátt í samfélaginu. Ásamt hefðbundnum greinum er lögð áhersla á að kenna samskipti, hreyfingu, heilbrigði, matreiðslu og að læra á almenningssamgöngur svo eitthvað sé nefnt. Skólinn hefur átt gott samstarf við Vogaskóla og fengið afnot af heimilisfræðistofu.

Mikill tími kennara á starfsbraut fer í að sinna almennri vellíðan nemenda, ráðgjöf til heimila og samskiptum við hinar ýmsu stofnanir. Þrátt fyrir farsældarlög og samvinnu stofnana hindra enn undirskriftir forráðafólks kennara og aðra í að beita þeim úrræðum sem eru til staðar.



Umhverfismál í fyrirrúmi

Grænfánaverkefnið kynnt á Utís - Loftlagsparty á aðventu

MS á UTÍS online

Á menntaráðstefnunni UTÍS online 2024 fékk Grænfánaáfanginn í MS góða umfjöllun undir yfirskriftinni: *Á ferðalagi um íslenskt skólastarf* og má sjá þáttinn hér fyrir neðan. Verkefnið er heilsársáfangi í umhverfisvernd nemenda sem vinna eftir forskrift frá Landvernd um að hafa frumkvæði í umhverfismálum í skólanum. Áfanginn er kenndur af Katrínu Magnúsdóttur.



Rapparinn og TIK TOKarinn EZZI var í Grænafánahópnum í MS og bloggar meðal annars um umhverfismál

Litlu jólin: Samstarf MS, FÁ og Tækniskólans

Í MS læra allir nemendur umhverfisfræði og sumir velja að taka líka þátt í Grænfánaáfangi og umhverfisnefnd nemenda. Nemendur í umhverfisfræði taka árlega þátt í verkefninu Ungir umhverfisfréttamenn á vegum Landverndar. Í ár tóku nemendur einnig þátt í sameiginlegu verkefni með FÁ og Tækniskólanum og héldu „Litlu jólin“. Verkefnið hlaut styrk frá umhverfis- og loftslagssjóði Reykjavíkurborgar. Boðið var upp á fataskiptamarkað, viðgerðir á fötum, piparköku-skreytingar á útlitsgölluðum piparkökum, gjafir útbúnar undir jólatréð í Kringlunni og veitingasölu með matvælum sem átti að farga eða voru að renna út á dagsetningu. Tónlistarfólk úr röðum nemenda tróð upp og var margt um manninn.



„Kíkt í kennslustund“

Í vikulegu fréttabréfi til starfsfólks er gjarnan sagt frá skemmtilegum verkefnum úr kennslustofum.

„Finndu mig í fjöru“

Verkefnið „Finndu mig í fjöru“ er samvinnuverkefni, bæði á milli skólastiga, skóla og Náttúrminjasafns Íslands auk þess að vera samþætting á milli námsgreina: textíl, umhverfisfræði og kvikmyndagerð. Judith Amalía Björnsdóttir textílkennari við Grandaskóla og Katrín Magnúsdóttir umhverfisfræðikennari í MS fengu styrk frá Sprotasjóði fyrir verkefninu og fengu safnkennara frá Náttúrminjasafni Íslands í lið með sér. Nemendur fjalla í sameiningu um lífríki fjörunnar og er skipt niður á hlutverk þar sem sumir sinna rannsóknar hlutverki, aðrir listrænu hlutverki og þriðji hópurinn skrásetur allt ferlið og býr til heimildamynd sem verður skilað til Sprotasjóps. Verkefninu lýkur vorið 2025.



Samhljómur

Verkefni styrkt af Sprotasjóði. Markmið Samhljóms er að laða að nemendur til tónlistarsköpunar sem ekki hafa valið raftónlist í MS og rjúfa einangrun þeirra sem vilja taka þátt í skapandi stafi og tengjast öðrum nemendum. Hluti af verkefninu snýst um að skapa tónlist og taka upp í stúdíói Tónhlys í Árbæ. Umsjónarmenn verkefnisins eru þeir Einar Indra og Andri Már Magnason. Einar kennir raftónlist við skólann og Andri er tónlistarmaður meðfram því að kenna félagsgreinar í MS. Verkefninu lýkur vorið 2025.



Samþætting námsgreina - leirmótun og raftónlist

Nemendur í leirmótum og raftónlist unnu að sameiginlegu verkefni út frá ólíkum sjónarhóli. Nemendur í leirmótun fengu það verkefni að búa til hristur. Í kjölfarið tóku nemendur í raftónlist upp öll möguleg hljóð sem hristurnar gefa frá sér t.d. með því að hrista, klóra og tromma á þær. Í lokin var síðan útbúinn nýr hljóðheimur úr upptökunum.



Félagslíf

MS-ingar taka þátt í helstu viðburðum og keppnum á vegum og fyrir íslenska framhaldsskólanema: Gettu Betur, MORFÍS, FRÍS, söngvakeppni, íþróttakeppnum og Fyrirtækjasmíðu Ungra frumkvöðlaþ



Tekið saman klukkan eitt að nóttu í Reiðhöllinni Víðidal



Starfsfólk „rjómað“ í góðgerðarviku



Hagsmunaráð afhendir framkvæmdastjóra Barnaheilla ágóða þess sem safnaðist í góðgerðarviku



skyrglíman í gær !! 🔥

@aron.valur Winner 🏆

Leikfélagið Thalía sýndi Grease



Vorið 2024 setti leikfélagið Thalía upp þriðja söngleikinn í röð. Eftir áralanga lægð hefur tekist að festa leikfélagið í sessi á ný. Æfingar fóru fram í Hinu húsinu og á vormánuðum voru sýndar sex leiksýningar á Grease fyrir fullu húsi í Gamla bíói. Nemendur sungu og dönsuðu, sáu um ljós og tónlist, búninga og kynningarmál og var leiksýningin hin glæsilegasta. Leikstjóri var Ingrid Jónasdóttir og um tónlist og söngæfingar sá Andri Már Magnason kennari við MS.



Nemendur í kvikmyndagerð á vorönn 2024 gerðu heimildarmynd um uppsetningu Grease þar sem skyggst var á bak við tjöldin, viðtöl tekin við leikara og aðstandendur sýningarinnar. Heimildamyndin var unnin undir umsjón Einars Indra kennara í kvikmyndagerð.





Nemendum boðið í dögurð á Dimmisjón

Síðastliðin tíu ár hafa útskriftarnemendur ekki fengið leyfi til þess að halda Dimmisjón í skólanum. Vorið 2024 ákváðu stjórnendur að freista gæfunnar og bjóða nemendur í kjarn -góðan morgunverð. Boðið var upp á egg og beikon ásamt brauði og áleggji. Nemendur fóru vel nestaðir út í daginn og máluðu bæinn rauðan.



Lið skólans í Gettu betur sigraði viðureignir sínar í útvarpi og vann sér inn sæti til þess að keppa í sjónvarpssal í janúar 2024. Var mikil stemmning að komast aftur í sjónvarpið eftir margra ára hlé.

MORFÍS lið skólans átti stórleik og komst í fjögurra liða úrslit. Jón Gnarr nemandi MS var valinn ræðurmaður kvöldsins í tvígang.



Bleikur dagur í ágúst fyrir Bryndísi Klöru og bleikur dagur í október til þess að minna á brjóstakrabbamein.



Fjöldi stjórnáráðmanna heimsóttu skólann á kosningarárinu 2024 og tóku nemendur þátt í Skuggakosningum. Nemendur gengu líka að kjörborðinu og kusu stjórn skólafélags MS.



Fyrirtækjasmíðja - frumkvöðlaverkefni

Á hverju ári taka nemendur á hagfræði- stærðfræðilínu þátt í verkefninu Ungir frumkvöðlar í gegnum lokaáfangi í hagfræði: Fyrirtækjasmíðju. Að þessu sinni tóku 130 fyrirtæki þátt í verkefninu og þrjú fyrirtæki úr MS komust í 30 liða úrslit keppinnar.

Þau sem hlutu verðlaun frá MS voru GADUS sem endaði í þriðja sæti sem Fyrirtæki ársins. GADUS framleiðir fiskprótein úr þorskhausum sem annars er hent. Fyrirtækið Skalk fékk útnefningu sem Matvælafyrirtæki ársins. Skalk framleiðir kalkbætiefni úr eggjaskurn. Ellefu lið úr MS tóku þátt í keppninni að þessu sinni og sýndu afraksturinn bæði á opnu húsi í MS og í Smáralind þar sem öll liðin mættust. Kennari í fyrirtækjasmíðju er Dóra Kristín Sigurðardóttir.



Móttaka nýnema með nýju sniði

Til þess að undirbúa nýnema betur fyrir upphaf á nýju skólastigi og hrista hópinn saman voru nýnemar boðaðir í skólann viku fyrr en ella. Fyrstu tvo dagana mættu nemendur í minni hópum og fengu aðstoð við að tengjast Office 365 og Innu ásamt því að vera upplýst um ýmislegt mikilvægt fyrir skólabyrjun. Í lok vikunnar héldu 230 nýnemar í fyrsta sinn í gistingu í Vatnaskóg. Með í ferðina fóru nemendur úr nefndum og ráðum ásamt félagsmálastjóra, stuðningsfulltrúa, námsráðgjöfum og einum stjórnanda. Ferðin gekk vel en það kemur skólafólki alltaf jafn mikið á óvart hvað mörg ungmenni halda ekki út heila nótt að heiman. Um fjórðungur barnanna var sóttur um kvöldið og nóttina af aðstandendum. Fjórið var mikið, nemendur fóru í leiki, skógarferð, héldu kvöldvöku og ýmislegt fleira. Gerð verður önnur tilraun að ári.

Starfspróun í MS

Leiðsagnarnám - Starfendarannsóknir - Menntabúðir - Starfspróunardagur framhaldsskólanna - Menntakvika - Erasmusnámskeið - Endurmenntunarferð til Írlands



Menntaskólinn við Sund hefur sett sér markmið um að kennarar tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og að starfsfólk skólans leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt. Til að ná markmiði sínu er áhersla lögð á gott framboð endurmenntunar og fjölbreytt starfspróunartækifæri fyrir starfsfólk skólans.

Á árinu var í þriðja sinn ráðinn verkefnastjóri um innleiðingu leiðsagnarnáms. Undir handleiðslu verkefnastjórans starfaði 10 manna hópur kennara. Markmiðið er að sífellt fleiri kennarar öðlist þekkingu á aðferðum leiðsagnarnáms og prófi í sinni kennslu. Þessir kennarar fengu greitt eitt launabætur til 12 mánaða í gegnum kjarasamningsbundinn þróunarsjóð í skólanum.

Starfendarannsóknir

Eitt af flaggskipum Menntaskólans við Sund hefur til fjölda ára verið virkni kennara í starfendarannsóknnum. Verkefnisstjóri leiðir hópinn ásamt ytri ráðgjafa sem hafa undanfarið verið dr. Guðrún Ragnarsdóttir og dr. Ívar Rafn Jónsson en dr. emerita Hafdís Guðjónsdóttir tók verkefnið að sér haustið 2024. Í hópnum eru að jafnaði 12-15 þátttakendur og hittist hann a.m.k. tvisvar á önn auk þess að kynna afraksturinn á Menntabúðum. Lögð var áhersla á hinar ýmsu leiðir starfendarannsóknna.

Málefni hópsins í vetur voru m.a.:

- áhugaverðar leiðir í innleiðingu leiðsagnarnáms
- leiðir til bættrar námsmenningar
- tækifæri Teams
- efling námskrafts
- gerð vefsíðu til þess að gera námsefni aðgengilegra fyrir nemendur.



MS með málstofu á Menntakviku 2024



MS tók þátt í Menntakviku, ráðstefnu um menntarannsóknir í september 2024. Á ráðstefnunni var heil málstofa um þróunarstarf í Menntaskólanum við Sund þar sem fjórir kennarar kynntu starfendarannsóknir og þróunarstarf. Á Menntakviku stígur á stökk helsta fræðafólk í menntavísindum og er mikill heiður fyrir MS að eiga fulltrúa á ráðstefnunni.

G. Rósa Eyvindardóttir fjallaði um starfendarannsókn sína í stjórnmálafræði og kynjafræði þar sem nemendur

læra um lýðræði í lýðræði. Nemendur tileinka sér verkfæri sem gerir þau betur í stakk búin að láta að sér kveða, að tjá sig og færa rök fyrir máli sínu. Verkefnið gengur út á inngildandi menntun þar sem reynt er að ná til allra nemenda, að þau þjálf hvort og eitt þátttöku og borgaravitund.

Jóna G. Torfadóttir fjallaði um þróun og notkun rafræns námsefnis í íslenskuáföngum í formi vefsíðu sem ætlað er að styðja við leiðsagnarnám. Tilgangur vefsíðunnar er að skapa fjölbreyttar þjargir til stuðnings námsefninu þar á meðal sniðmát, ítarefni og dæmi um vel heppnuð verkefni.

Katrín Magnúsdóttir fjallaði um Grænfánaáfangu þar sem nemendur ýta undir umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni í skólanum. Álykta má að nemendur sem taka þátt í Grænfánaáfanganum verða betur undirbúnir til að takast á við áskoranir samtímans og framtíðarinnar með aukinni vitund og færni í sjálfbærnimálum.

Vignir A. Guðmundsson fjallaði um þróunarverkefni í enskuáfangu sem þjálfar nemendur í miðlalæsi og gagnrýnni hugsun. Markmið verkefnisins er að efla hæfni nemenda til að greina og meta áreiðanleika upplýsinga á internetinu og samfélagsmiðlum. Í verkefninu kynnast nemendur verkfærum sem hjálpa þeim að greina áhrif hugsanaskekkja á skynjun þeirra á efni af netinu.



Markmið Menntabúða er að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað og stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýjungar í skólastarfi. Meðal þess sem starfsfólk kynnis er afrakstur námsferða erlendis, niðurstöður starfendarannsókna eða tilrauna með nýjar kennsluaðferðir. Í MS voru haldnar Menntabúðir bæði í nóvember og maí auk þess sem þann fyrsta mars var haldinn sameiginlegur starfsdagur framhaldsskólanna.

Sameiginlegur starfsdagur framhaldsskólanna

Rúmlegar 15 skólar ákváðu að frumkvæði Magnúsar skólameistara FÁ að halda sameiginlegan starfsdag. Allt starfsfólk skólanna hitti starfsbræður sína og -systur. MS fékk það verkefni að bjóða áfangastjórum og kennurum í norðurlandamálum og þriðja máli í MS.

Dagurinn byrjaði á morgunverði áður en sameiginleg dagskrá hófst. Í kjölfarið skiptust hóparnir í MS í tvennt. Tungumálakennarar fengu fræðslu um gervigreind frá Geir Finnssyni enskukennara í Keili. Eftir hádegi var dagskráin skipulögð af kennurum skólanna undir stjórn tungumálakennara í MS. Á dagskrá áfangastjóra voru þrjú erindi. „Gagnvirkt samband framhalds- og háskóla“ með Guðrúnu Ragnarsdóttur og Maríu Jónsdóttur, „Kröfur háskólastigs um undirbúning nemenda“ með Elsu Eiríksdóttur, Maríu Jónsdóttur og Guðrún Ragnarsdóttur og „Vegferð Innu“ með Björk Guðnadóttur. Í hádeginu var boðið upp á fisk frá Yndisauka og kaffi og með því um miðjan daginn. Um kvöldið var svo haldinn gleðskapur í Fjölbrotarskólanum við Ármúla og má segja að hann hafi verið eins og árshátíð fyrir starfsfólk framhaldsskólanna.



Skólaheimsókn og námsferð til Dublinar



Í september sá ferðanefnd starfsmannfélagsins um að skipuleggja námsferð til Dublinar. Ferðin var farin um miðjan september með það að markmiði að hrista hópinn saman og fræðast um skólastarf í öðru landi.

Heimsóttir voru tveir framhaldsskólar fyrir nemendur á aldrinum 12-18 ára, hópurinn fékk leiðsögn um miðborgina og heilan fræðsludag í Trinity College. Fræðsluerindi voru allt frá upphafi fræðslu írskra barna á heimilum og í bakgörðum í óþökk nýlenduherranna til nútíma kennslufræði og umfjöllunar um hvernig eigi að nálgast börn í sorg. Í Dublin er einnig nauðsynlegt að sjá hina fornu bók Kelta „Book of Kells“ og anda að sér menningunni á skólasvæði Trinity College.



Erlent samstarf

Erasmus+, Nordplus, WES og gestir í MS

Erasmus+

MS er með tíu markmið í erlendu samstarfi sem snúa að því að bæta nám og kennslu í skólanum. Samtals tóku tíu starfsmenn þátt í þremur ferðum styrktum af Erasmus+ (sjá lista hér fyrir neðan). Þetta voru tvær sjö daga ferðir á námskeið og ein 13 daga ferð í starfsspeglun í þremur mismunandi löndum í Evrópu. Meðal námskeiða voru:

- Neuroscience: Understanding How Your Students Learn. La Laguna á Tenerife.
- How to Prevent Bullying and Cyber bullying in Schools. Puerto de la Cruz á Tenerife.
- Starfsspeglun á Réunion, eyju í Indlandshafi sem tilheyrir Frakklandi.

Mikill áhugi var meðal erlendra skóla að koma í heimsókn í MS. Tveir tuttugu manna hópar kennara og stjórnenda frá ýmsum Evrópulöndum komu í mars og október á vegum Erasmus+. Í heildina tóku MS ingar á mót 76 erlendum gestum. Allir gestir fengu fræðsluerindi um skólafélagið í MS, heimsóttu kennslustundir og fengu leiðsögn um skólann.


Skólinn keypti aðgang að WES - World Education Summit sem er fjögurra daga netráðstefna fyrir skólafólk og var bæði skipulagt samáhorf og aðgangur fyrir einstaklinga.

Nordplus

MS tekur þátt í verkefninu Love for water is in the air sem hófst haustið 2023. Verkefnið er unnið í samstarfi við skóla í Finnlandi, Lettlandi og Litháen. Fyrsti hópurinn fór til Lettlands haustið 2023. MS tók á mót hópnunum í maí 2024. Gestirnir gistu ýmist á heimilum nemenda eða starfsfólks, sóttu kennslustundir, unnu samvinnuverkefni um vatn og umhverfismál ásamt því að fara Gullna hringinn og njóta þess sem Reykjavík hefur uppá að bjóða. Hópurinn hittist aftur í Litháen í október og lýkur verkefninu í Finnlandi vorið 2025.



Eftir móttöku tveggja hópa skólafólks frá eyjunni Réunion í MS fór fimm manna hópur kennara í tólf daga starfsspeglun til Réunion eyja í Indlandshafi. Réunion er hluti af Frakklandi og því var ferðin styrkt af Erasmus+. Kennararnir heimsóttu fjóra skóla, tóku þátt í kennslustundum, skoðuðu skóla og fengu fræðslu um lífið á eyjunni. Í leiðinni kynntust þau fjölbjóðlegu menningarlífi eyjaskeggja sem koma víðsvegar að úr heiminum. Réunion er eldfjallaeyja eins og Ísland og má segja að þjóðirnar eigi margt sameiginlegt. Á Réunion er töluð franska og var það eitt af skilyrðum þess að fá að fara í þessa ferð að hafa einhverja kunnáttu í frönsku. Ferðin var farin við lok skólaársins þegar kennslu var lokið og var það einróma skoðun ferðalanga að ferðin hafi verið mikil upplifun.



MS kennarar í Kenía

Nokkrir kennarar við skólann tóku sig saman og skipulögðu námsferð til Kenía. Um var að ræða þriggja vikna ferð þar sem aðal markmiðið var að dvelja í Harvestskóla íslensku barnahjálparinnar í Nairobi og hjálpa til og fræðast um starfið. Ferðalangar fengu einnig tækifæri til að heimsækja nemendur á heimilum þeirra úti í þorpunum. Í lok ferðar gafst tækifæri til að njóta lífsins á strönd við Mombasa auk þess sem einn ferðalangur gerði sér lítið fyrir og kleif Kilimanjaro.



Húsnæðismál

Ennþá mygla og raki - 1000 fermetrar lokaðir - Valkostagreiningu lofað án efnda - Gámahús væntanleg 2025

Húsnæðismálum skólans haldið í gíslingu

Haustið 2023 var ákveðið að fækka nýnemum að hausti um 58, vakta loftgæði vel yfir skólaárið með sýnatöku og þrifum ásamt því að hafa lofthreinsitæki í öllum rýmum og gefa þannig MRN og FSRE rými til skipulags og viðgerða.

Eftir margar tilraunir til þess að koma húsnæðismálum skólans aftur á blað hjá MRN var í janúar 2024 aftur viðrað við stjórnendur skólans að flytja hann í Stakkahlíð. Taldi MRN sig þannig geta nýtt framkvæmdafé sem fylgdi þeirri byggingu til þess að útbúa gott skólahús fyrir framhaldsskóla. Stjórnendur MS fóru í vettvangsskoðun í Stakkahlíð á Menntavísindasvið. Þar eru mörg skemmtileg og stór rými en að sama skapi ljóst að fara þyrfti í miklar framkvæmdir til þess að gera húsið að nothæfu húsnæði fyrir framhaldsskóla auk þess sem sjáanlegar rakaskemmdir voru á nokkrum stöðum. Rektor MS óskaði í kjölfarið eftir skýrslu um ástand húsa í Stakkahlíð og lagði samtímis fram lista yfir hvað þyrfti að tryggja svo ekki yrði flutt úr öskunni í eldinn, t.d. að húsinu fylgdi íþróttaaðstaða, nægjanlega margar kennslustofur og væri myglu- og rakafrítt. Stuttu síðar fékk rektor skilaboð þess efnis að þar sem hún hafi ekki stokkið á hugmyndina um að flytja í Stakkahlíð strax væri MS búinn að missa af tækifærinu. Í framhaldi af því sendi MRN beiðni til FSRE og óskaði eftir því að framkvæmd yrði svokölluð valkostagreining þar sem metið yrði hvort væri hagkvæmara fyrir Ríkið að gera við húsin í MS, rífa þau og byggja ný eða flytja skólann í annað húsnæði í eigu ríkisins. Svör áttu að berast í júní 2024. Þrátt fyrir mikla eftirfylgni bárust engin svör þetta árið.

Þar sem húsnæðismál í MS eru mjög viðkvæm óskaði rektor eftir því að lausum kennslustofum yrði komið fyrir á lóð skólans. FSRE og MRN tóku vel í það og fór fyrsti fundur með arkitektum fram í mars. Í júní var rektor aftur kölluð á fund í FSRE og þá kom ljós að verkefnið var ennþá á byrjunarreit og ekkert hefði gerst í málinu. Nýr verkefnisstjóri hjá FSRE fékk verkefnið í hendur og þá fóru hjólin að snúast.

Haustið 2024 var lofttúða sett á glugga í ljósritunarrými til þess að bæta loftgæði og loks samþykkt að settar yrðu raflokur á öll opnanleg fög í nýrri byggingum til þess að auðvelda loftskipti í kennslustofum og á skrifstofum. Ekki er hægt að segja annað en að gangur mála sé óásættanlegur og misbjóði bæði lífi og heilsu nemenda og starfsfólks.



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND